



522. fundur Þingvallanefndar
10. desember 2025 kl 12.00
Arnarfell í húsi Alþingis Smiðju.

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Eydís Ásbjörnsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Guðbrandur Einarsson en Sigmar Guðmundsson kom inn sem varamaður hans hluta fundarins. Aðrir boðuðu forföll.

Formaður setur fund og stýrir.

Dagskrá:

1. Atvinnustefna þjóðgarðsins á Þingvöllum.
Atvinnustefna samþykkt sem kynnt hefur verið og rædd á fyrri fundum.
2. Tónleikar Kaleó sumarið 2026.
Þingvallanefnd fór yfir fyrirbyggjandi gögn vegna umsóknar um tónleika Kaleó næsta sumar. Þingvallanefnd óskar eftir ítarlegri áætlun og greinargerð í samræmi við viljayfirlýsingu til að skýra betur umfang og stjórnun viðburðarins ásamt skýrri afstöðu umsóknaraðila. Ekki fyrr en það hefur verið gert getur Þingvallanefnd tekið formlega afstöðu til umsóknarinnar og hvort af samningi verði um tónleikahald.
Fundi slitið.